

**46. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir
vesturumdæminu, um tíundargjald af kirkjujörð-
um m. m.**

1863.
6. júlím.

Sökum þess, að sýslumaðurinn í Snæfellsnessýslu hefir sent yður ýmsar umkvartanir, er til hans hafa komið, og Kristján kammerráð Magnússen í bréfi til yðar mælt móti því, að heimtuð sé tíund af Geitareyjum og Engeyjum, sem eru eign Narfeyrar kirkju, þá hafið þér, herra amtmaður, með því yður þótti vafasamt, hvernig skera ætti úr málefni þessu, í bréfi 17. desembermán. f. á. spurt um, hvort rétt sé eptir tilskipun 1. d. aprílm. 1861 um löggilding nýrrar jarðabókar fyrir Ísland, að heimta tíund til allra fjögra tíundartakenda af sérhverri jörð, hvort sem hún er til guðs þakka lögð (ad pios usus) eður á einhvern annan hátt er almennings eign.

Þessu skal svarað á þá leið, yður til leiðbeiningar og til þess þér kunngjörð það hlutaðeigendum, að bæði er það, að í ástæðunum fyrir 2. grein í frumvarpinu til ofangreindrar tilskipunar, því er lagt var fyrir alþingi árið 1859 (smb. alþingistíðindin það ár, viðbæti A. 21. bls.), er með berum orðum tekið fram, að það liggi í augum uppi, „að hið nýja jarðamat engu geti breytt um tíundarskyldu jarðanna á Íslandi, og að tíundin því framvegis, þangað til öðruvísi verður ákveðið, aðeins geti orðið heimt af þeim jörðum, er nú sem stendur eru tíundarbærar“, og að þetta liggi svo í hlutarins eðli, að ekki hafi þótt þörf á að taka það með berum orðum fram í þessari grein frumvarpsins, enda gefa eigi heldur ákvarðanirnar í sjálfri tilskipuninni frá 1. aprílmán. 1861 neina ástæðu til að halda, að það hafi verið tilgangur lagaboðs þessa að gjöra nokkra breyting á þeim reglum, sem að undanfögnu hafa verið í gildi um það, af hverjum jörðum greiða skuli tíund.